Reykjavík, 1. febrúar 2024
MSS23100170

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105Reykjavík

**Úrbætur á og við gangbraut við Úlfarsbraut**

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals, 18. október 2023, lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi tillögu, dags. 18. október 2023, sbr. 4. liður fundargerðar sama dag:

> Lagt er til að úrbætur verði gerðar á gangbraut við Úlfarsbraut á móts við íþróttahús Fram. Bæta þarf lýsingu við gangbrautina og gera ráðstafanir til að draga úr hraðakstri við hana, t.d. setja hraðamælingaskilti þar upp að nýju. Jafnframt er æskilegt að setja upp grind fyrir neðan tröppur, sem liggja að umræddri gangbraut. Um er að ræða helstu aðkomuleið barna og unglinga úr hinu ört vaxandi íbúahverfi í Úlfarsárdal niður að íþróttasvæði Fram og Dalslaug.

Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Þessu er hér með komið á framfæri og þessa óskað að umhverfis- og skipulagsráð taki málið til meðferðar.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
*Miðlæg stjórnsýsla*
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*
*Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar*

Reykjavík